Messur



Guðsþjónustur sunnudaginn 10. september 1989
Frá Æskulýðssambandi kirkjunnar í Reykjavíkurprófastsdæmi
Samvera í Langholtskirkju sunnudag kl. 17. Lokaþáttur söng- og dramanámskeiðs. Komum og hefjum vetrarstarf ÆSKR saman.
Árbæjar- og Grafarvogssókn
Guðsþjónusta í Árbæjarkirkju kl. 11 árdegis. Organleikari Jón Mýrdal. Sr. Guðmundur Þorsteinsson.
Áskirkja
Guðsþjónusta kl. 11. Sr. Árni Bergur Sigurbjörnsson.
Breiðholtskirkja
Guðsþjónusta kl. 11. Organisti Daníel Jónasson. Sr. Gísli Jónasson
Bústaðakirkja
Guðsþjónusta kl. 11. Organisti Guðni Þ. Guðmundsson. Sr. Pálmi Matthíasson.
Dómkirkjan
Messa kl. 11. Dómkórinn syngur. Organisti Marteinn Hunger Friðriksson. Sr. Hjalti Guðmundsson.
Fríkirkjan í Reykjavík
Guðsþjónusta kl. 11.00 (Athugið breyttan tíma að þessu sinni.) Orgelleikari Pavel Smid. Cecil Haraldsson.
Landakotsspítali
Messa kl. 13. Organisti Birgir Ás Guðmundsson. Sr. Hjalti Guðmundsson.
Elliheimilið Grund
Messa kl. 10. Organisti Kjartan Ólafsson. Sr. Ólafur Jóhannsson.
Fella- og Hólakirkja
Guðsþjónusta kl. 11. Prestur sr. Hreinn Hjartarson. Organisti Guðný M. Magnúsdóttir. Sóknarprestar.
Grensáskirkja
Messa kl. 11. Organisti Árni Arinbjarnarson. Fyrirbænir eftir messu. Þriðjudagur kl. 14. Biblíulestur fyrir eldri borgara. Umræður og kaffisopi á eftir. Laugardagur kl. 10. Bænastund UFMH. Prestarnir.
Hallgrímskirkja
Messa kl. 11. Sr. Ragnar Fjalar Lárusson. Organisti Hörður Áskelsson. Félagar úr Mótettukór Hallgrímskirkju leiða söng. Hádegisverður eftir messu. Þriðjudagur. Fyrirbænaguðsþjónusta kl. 10.30. Beðið fyrir sjúkum.
Landspítalinn
Messa kl. 10. Sr. Jón Bjarman.
Háteigskirkja
Messa kl. 11. Sr. Kristinn Ágúst Friðfinnsson prédikar og þjónar fyrir altari. Sóknarprestur. Kvöldbænir og fyrirbænir eru í kirkjunni á miðvikudögum kl. 18.
Hjallaprestakall
Messa kl. 2 í messuheimili Hjallasóknar Digranesskóla. Altarisganga. Kór Hjallasóknar syngur. Organisti David Knowles. Sr. Kristján Einar Þorvarðarson.
Kópavogskirkja
Messa kl. 11. Sr. Þorbergur Kristjánsson.
Langholtskirkja
Kirkja Guðbrands biskups. Guðsþjónusta kl. 11. Ræðuefni æskulýðsmál. Organisti Jón Stefánsson. Samvera kl. 17 á vegum ÆSK, leiklist – dans – afrískir söngvar. Sr. Þórhallur Heimisson.
Laugarneskirkja
Kirkjuhátíð í Laugarnesi. Laugarneskirkja verður aftur tekin í notkun sunnudaginn 10. sept. eftir gagngerar viðgerðir og lagfæringar. Hátíðarmessa verður kl. 14. Biskup Íslands, herra Ólafur Skúlason, prédikar og vígir nýtt altari og skírnarsá. Sóknarpresturinn sr. Jón Dalbú Hróbjartsson þjónar fyrir altari en einnig munu þeir sr. Guðmundur Þorsteinsson dómprófastur og sr. Ingólfur Guðmundsson námsstjóri þjóna við altarisgönguna. Leikmenn munu lesa ritningarorð. Karl Ómar Jónsson verkfræðingur mun flytja ávarp. Ann Toril Lindstad verður organisti og kórstjóri og kór Laugarneskirkju syngur. Eftir athöfnina í kirkjunni verður kirkjugestum boðið upp á kaffi og smákökur í safnaðarheimilinu kl. 20 en kl. 22 verður helgistund í kirkjunni. Fimmtudag 14. sept. verður kyrrðarstund í hádeginu. Kl. 12 verður orgelleikur, kl. 12.10 helgistund með altarisgöngu og fyrirbænum og kl. 12.30 verður boðið upp á léttan hádegisverð í safnarðarheimilinu. Sóknarprestur.
Neskirkja
Guðsþjónusta kl. 11. Orgel- og kórstjórn Reynir Jónasson. Sr. Ólafur Jóhannsson. Miðvikudagur. Fyrirbænaguðsþjónusta kl. 18.20.
Seljakirkja
Kvöldguðsþjónusta kl. 20. Kjartan Ólafsson syngur einsöng. Organisti Kjartan Sigurjónsson. Sóknarprestur.
Seltjarnarneskirkja
Messa kl. 11. Organisti Sighvatur Jónasson. Prestur sr. Solveig Lára Guðmundsdóttir.
Kirkja óháða safnaðarins
Guðsþjónusta kl. 2. Svala Nielsen syngur einsöng. Kaffiveitingar eftir messu. Sr. Þórsteinn Ragnarsson safnaðarprestur.
Fríkirkjan Hafnarfirði
Guðsþjónusta safnaðarins verður að Hrafnistu Hafnarfirði kl. 11. Orgel- og kórstjórn Smári Ólason. Einar Eyjólfsson.
Stokkseyrarkirkja
Messa kl. 2. Sóknarprestur
Keflavíkurkirkja
Guðsþjónusta kl. 11. Kór Keflarvíkurkirkju syngur. Organisti Örn Falkner. Sóknarprestur.


Menntaskólinn á Egilsstöðum:

Afmælis- og vígsluhátíð

Nú í haust eru liðin 10 ár frá stofnun Menntaskólans á Egilsstöðum en hann tók til starfa 11. september 1979. Fyrstu stúdentarnir brautskráðust 1981 en alls hafa 308 stúdentar útskrifast.

Verið er að leggja síðustu hönd á 1. áfanga kennsluhúss skólans sem verður afhent fullbúið við upphaf haustannar. Hér er því um tímamót að ræða í sögu skólans. Í hinu nýja húsi eru níu fullkomnar kennslustofur, þar af tvær tilraunastofur fyrir raungreinar, ásamt góðri vinnuaðstöðu kennara.

Sunnudaginn 10. september verður afmælis- og vígsluhátíð í skólanum sem hefst kl. 14. Á dagskránni eru meðal annars ræður, ávörp, einsöngur og hljóðfæraleikur. Þá er þess vænst að stúdentar frá skólanum fjölmenni og að lagður verði grundvöllur að frekari samskiptum einstakra stúdentsárganga í framtíðinni. Allir velunnarar og vinir skólans eru velkomnir og boðið að þiggja kaffiveitingar að athöfn lokinni.



Nýbygging Menntaskólans er í forgrunni á þessari mynd.

Kjarvalsstaðir:

Nútímalist, ljósmyndir og Kjarval


Þremur stórsýningum lýkur á Kjarvalsstöðum um helgina, eru þetta sýningarnar Alþjóðleg nútímalist, ljósmyndir Karsh og sumarsýning á verkum eftir Kjarval.

Sýning Yosuf Karsh er tilkomin vegna áttræðisafmælis hans og gefur góða mynd af verkum hans, sem eru portrett myndir af frægum einstaklingum, listamönnum, vísindamönnum, stjórnmálamönnum og þjóðhöfðingjum.

Myndir Karsh er víða að finna í merkustu listasöfnum heims og er mikill fengur að því að fá sýningu þessa til Íslands. Það er Ljósmyndarafélag Íslands sem gengst fyrir sýningunni.

Mikil aðsókn hefur verið að sýningunni Alþjóðleg nútímalist sem er skiljanlegt, því á sýningunni eiga verk margir af umdeildustu listamönnum síðastliðinna tuttugu ára. Má þar nefna menn eins og Andy Warhol, Joseph Kosuth, Frank Stella og Dan Flavin.

Þessum tveimur sýningum lýkur á sunnudaginn. Þá lýkur einnig hinni árlegu sumarsýningu á verkum eftir Jóhannes Kjarval. Sýningin er að þessu sinni helguð uppstillingum og kyrralífsmyndum meistarans.



Ein mynda Davíðs Þorsteinssonar á ljósmyndasýningu hans. Þessi mynd var tekin í

Ljósmyn á Mokkal

Davíð Þorsteinsson opnaði í gær á Mokkakaffi við Skólavörðustíg sýningu á ljósmyndum eftir sig. Myndirnar, sem eru um það bil þrjátíu talsins, eru allar svarthvítar.

Þær eru eru úr borgarlandslagi og sýna mótíf eins og tré, glugga, múrveggi og mannfólk. Flestar eru teknar á síðastliðnum fjórum árum í gamla bænum í Reykjavík og nokkrar á ferðalögum í Skotlandi og Frakklandi.

Davíð hefur tvisvar áður sýnt á Mokka,

Kvikmyndasýningar MÍR

Gamlar og nýjar kvi

Kvikmyndasýningar MÍR hefjast að nýju að loknu sumarleyfi í bíósal félagsins að Vatnsstíg 10 á sunnudaginn kl. 16. Sýningar verða síðan hvern sunnudag á sama tíma og verða sýndar gamlar og nýjar sovéskar kvikmyndir.

Nikita Mikhalov er leikstjóri myndarinnar sem sýnd verður á sunnudaginn. Nefnist hún Einn af okkur meðal ókunnugra, ókunnur okkar á meðal. Þetta er fyrsta kvikmynd þessa þekkta leikstjóra og leikara. Gerist myndin á dögum borgarastyrjaldarinnar í Rússlandi. Skýringartextar eru á ensku.

Aðrar myndir, sem sýndar verða í september, eru Uppgangan, leikstjóri Larisa Shepitko, og Komdu og sjáðu, leikstjóri Elím Klímov.

Október er helgaður Mikhaíl Romm og verður sýnd heimildarmynd um hann og fjórar kvikmyndir hans verða sýndar, Lenín í október, Lenín 1918, Níu dagar

síðan með hópinn um nágrennið og kynna einstaka staði og byggingar. Kaffiveitingar verða seldar í Viðeyjarstofu en að öðru leyti býður safnaðarstjórn til þessarar ferðar, þ.e. flutning frá Hafnarfirði og heim aftur.

Félag eldri borgara í Kópavogi

Munið að spiluð verður félagsvist í félagsheimili Kópavogs í kvöld, föstudagskvöld 8. september, og hefst hún kl. 20.

Kirkjuhátíð í Laugarnesi

Sunnudaginn 10. september verður Laugarneskirkja aftur tekin í notkun eftir gagngerar endurbætur. Hátíðarmessa verður kl. 14. Biskup Íslands, herra Ólafur Skúlason, predikar og vígir nýtt altari og nýjan skírnarsá. Auk biskups mun sóknarpresturinn, sr. Jón Dalbú Hróbjartsson, þjóna fyrir altari og sr. Guðmundur Þorsteinsson dómprófastur og sr. Ingólfur Guðmundsson námsstjóri aðstoða við altarisgönguna. Ann Toril Lindstad verður organisti og kór kirkjunnar syngur. Eftir hátíðarmessuna verður öllum kirkjugestum boðið upp á kaffi og smákökur í safnaðarheimili kirkjunnar. Forseti Íslands, frú Vigdís Finnbogadóttir, mun koma til kirkjuhátíðarinnar og samfagna Laugnesingum á þessum degi. Einnig munu borgarstjórinn í Reykjavík og fulltrúar úr kirkjumálaráðuneytinu koma til athafnarinnar, svo og margir prestar Reykvíkinga ásamt fleiri gestum. Öllum er að sjálfsögðu heimill aðgangur meðan húsrúm leyfir.

Félag eldri borgara

Göngu-Hrólfur fer á Þingvöll nk. laugardag kl. 10 frá Nóatúni. Fólk hafi með sér nesti.

Fundir

Söng- og skemmtifélagið Samstilling

heldur fyrsta fund vetrarins mánudaginn 11. september í Risinu, Hverfisgötu 105, kl. 20.30. Allir velkomnir.

Hádegisverðarfundur presta

að loknu sumarhléi verður í Bústaðakirkju mánudaginn 11. september kl. 12.



Gjöf til Jósefsspítala

Nýlega gaf Lionessuklúbbur Reykjavíkur St. Jósefsspítala í Reykjavík Danica Telemonitor (hjarta-sívaka), tæki sem kemur að margvíslegum notum við eftirlit og meðferð hjartasjúklinga, einkum þeirra sem komnir eru af gjörgæslu og hafa fótavist. Tækið er sett saman úr sendi sem nemur rafboð hjartans og sendir þau síðan þráðlaust til greiningartölvu sem varpar þeim á skjá. Komi fram óregla á hjartslætti er hægt að skrá óregluna nákvæmlega og beita viðeigandi meðferð.

Síðan er hægt að fylgjast með árangri. Einnig er hægt að fylgjast með blóðþrýstingi og súrefnismettun blóðs. Það er því ljóst að tæki þetta kemur að miklum notum við eftirlit og meðferð hjartasjúklinga. Í mörgum tilvikum er hægt að flýta útskrift af gjörgæslu og einnig stytta heildarlegutíma sjúklinga. St. Jósefsspítali þakkar lionessum góða gjöf. Myndin er af Ástu Sigvaldadóttur, formanni Lionessuklúbbs Reykjavíkur, afhenda Loga Guðbrandssyni framkvæmdastjóra gjöfina.

Tilkynningar

Viðeyjarferð Hafnarfjarðarsóknar

Nk. sunnudag, 10. september, standa Kvenfélag Hafnarfjarðarkirkju og safnaðarstjórn fyrir safnaðarferð út í Viðey. Farið verður með rútu frá Hafnarfjarðarkirkju kl. 12.15 og ekið til Sundahafnar að Viðeyjarferju Hafsteins Sveinssonar sem flytur þátttakendur til Viðeyjar á skammri stund. Í Viðey mun staðarhaldari, séra Þórir Stephensen, taka á móti gestum og leiða helgistund í Viðeyjarkirkju, segja frá sögu staðarins og fara